

1

00:00:05,240 --> 00:00:08,840

Með því að þenja sjónsvið okkar langt út fyrir hugarflug forfeðranna

2

00:00:08,920 --> 00:00:13,200

vísa þessi undraverðu tæki, sjónaukarnir, veginn í átt að dýpri og

3

00:00:13,280 --> 00:00:17,240

fullkonnari skilningi á náttúrunni. - René Descartes, 1637

4

00:00:17,760 --> 00:00:22,560

Um árpúsundir hefur mannkynið horft upp í seiðandi næturhimininn

5

00:00:22,640 --> 00:00:28,320

án þess að bera skynbragð á stjörnurarnar í Vetrarbrautinni okkar sem aðrar sólar

6

00:00:28,400 --> 00:00:33,400

eða milljarða systurvetrarbrauta sem fylla aðra hluta heimsins

7

00:00:35,440 --> 00:00:38,800

eða hvernig við erum aðeins örlítill depill í

8

00:00:38,880 --> 00:00:42,520

13,7 milljarða ára sögu alheimsins.

9

00:00:42,600 --> 00:00:46,080

Þegar augu okkar voru einu sjóntækin áttum við enga möguleika á

10

00:00:46,160 --> 00:00:50,120

að finna sólkerfi umhverfis aðrar stjörnur, eða komast að því

11

00:00:50,200 --> 00:00:55,000

hvort líf væri að finna annars staðar í alheiminum.

12

00:00:58,080 --> 00:01:00,320

Nú erum við komin áleiðis við að skýra mörg

13

00:01:00,400 --> 00:01:03,560

undur alheimsins á tímum sem segja má að séu

14

00:01:03,640 --> 00:01:05,960

gullöld uppgötvana í stjörnufræði.

15

00:01:05,960 --> 00:01:08,960

Ég er Dr. J og leiði ykkur í sannleikann um sjónaukann -

16

00:01:09,040 --> 00:01:11,880

hið undraverða tæki sem hefur opnað alheiminn upp á gátt

17

00:01:11,960 --> 00:01:15,520
fyrir mannkynið.

18

00:01:17,960 --> 00:01:21,880
HORFT TIL HIMINS 400 ára saga uppgötvana með sjónaukanum

19

00:01:22,200 --> 00:01:26,960
1. Ný sýn á himininn

20

00:01:28,960 --> 00:01:32,120
Fyrir fjórum öldum, árið 1609, gekk maður út

21

00:01:32,240 --> 00:01:34,640
á akra í grennd við heimili sitt.

22

00:01:34,720 --> 00:01:39,000
Hann beindi heimagerðum sjónauka sínum í átt að tunglinu, plánetunum og stjörnunum.

23

00:01:39,080 --> 00:01:42,600
Hann hét Galileó Galilei.

24

00:01:44,040 --> 00:01:47,280
Stjörnufræðin varð aldrei söm eftir þetta.

25

00:02:07,440 --> 00:02:12,400
Nú, 400 árum eftir að Galileó beindi fyrst sjónauka í átt til himins

26

00:02:12,640 --> 00:02:18,280
nota stjörnufræðingar risavaxna spegla á fjarlægum fjallstindum til þess að kanna himininn.

27

00:02:18,360 --> 00:02:23,520
Útvarpssjónaukar safna ógreinilegu tísti og hvískri utan úr geimnum.

28

00:02:23,600 --> 00:02:27,680
Vísindamenn hafa jafnvel sent sjónauka út í geim

29

00:02:27,760 --> 00:02:31,960
langt út fyrir truflandi áhrif lofthjúpsins.

30

00:02:33,440 --> 00:02:38,680
Og útsýnið hefur verið stórkostlegt!

31

00:02:42,960 --> 00:02:46,640
Reyndar fann Galileó ekki upp sjónaukann.

32

00:02:46,720 --> 00:02:49,760
Þann heiður á Hans Lipperhey, tiltölulega lítt þekktur

33
00:02:49,840 --> 00:02:53,400
hollensk-þýskur sjóntækjafræðingur.

34
00:02:53,520 --> 00:02:57,880
En Hans Lipperhey notaði aldrei sjónaukann til þess að gá til stjarna.

35
00:02:57,960 --> 00:03:00,840
Þess í stað hélt hann að uppgötvun sín myndi helst gagnast

36
00:03:00,920 --> 00:03:03,640
sæfarendum og hermönnum.

37
00:03:03,800 --> 00:03:07,240
Lipperhey var frá Middelburg sem þá var stór verslunarborg

38
00:03:07,320 --> 00:03:10,440
í hinu nýstofnaða Hollenska Lýðveldi.

39
00:03:13,960 --> 00:03:18,040
Árið 1608 uppgötvaði Lipperhey að þegar horft er á fjarlægagan hlut

40
00:03:18,120 --> 00:03:24,000
í gegnum kúpta og íhvolfa linsu, stækkar hluturinn ef

41
00:03:24,080 --> 00:03:29,640
linsurnar eru staðsettar í réttri fjarlægð hvor frá annarri.

42
00:03:29,720 --> 00:03:33,800
Sjónaukinn var fæddur!

43
00:03:33,880 --> 00:03:37,520
Í september 1608 sýndi Lipperhey uppgötvun sína

44
00:03:37,600 --> 00:03:39,880
hollenska prinsinum Maurits.

45
00:03:39,960 --> 00:03:42,840
Hann hefði ekki getað valið betra augnablik því

46
00:03:42,920 --> 00:03:45,880
á þessum tíma var Holland flækt í

47
00:03:45,960 --> 00:03:49,320
80 ára stríðið við Spánverja.

48

00:03:55,320 --> 00:03:59,080

Hinn nýuppgötvaði sjónauki gat stækkað hluti og komið upp um

49

00:03:59,160 --> 00:04:02,280

óvinaskip og hersveitir sem voru of fjarlæggar til þess að sjást

50

00:04:02,360 --> 00:04:04,360

með berum augum.

51

00:04:04,440 --> 00:04:07,440

Sem sagt, mjög gagnleg uppgötvun!

52

00:04:07,560 --> 00:04:12,000

En hollenska ríkistjórnin veitti Lipperhey aldrei einkaleyfi á sjónaukanum.

53

00:04:12,080 --> 00:04:15,400

Ástæða þess var að aðrir kaupmenn gerðu einnig tilkall til uppgötvunarinnar

54

00:04:15,520 --> 00:04:19,200

einkum keppinautur Lipperheys, Sacharias Janssen.

55

00:04:19,280 --> 00:04:21,520

Deilan var aldrei útkljáð.

56

00:04:21,600 --> 00:04:27,920

Enn þann dag í dag er nákvæmur uppruni sjónaukans sveipaður dulúð.

57

00:04:28,920 --> 00:04:32,720

Ítalski stjörnufræðingurinn Galileó Galilei, faðir nútíma eðlisfræði

58

00:04:32,800 --> 00:04:37,640

heyrði af sjónaukanum og ákvað að smíða eigin sjónauka.

59

00:04:38,320 --> 00:04:42,360

Fyrir um tíu mánuðum barst það mér til eyrna að tiltekinn

60

00:04:42,440 --> 00:04:48,200

Flæmingi hefði smíðað fjarsjá en með hjálp hennar verða sýnileg fyrirbæri

61

00:04:48,280 --> 00:04:52,960

þótt fjarlæg séu, auðveldlega sjáanleg

62

00:04:53,040 --> 00:04:56,120

sem væru þau rétt hjá.

63

00:04:56,520 --> 00:04:59,440

Galileó var mesti vísindamaður síns tíma.

64

00:04:59,560 --> 00:05:02,600

Hann studdi eindregið hina nýju heimsmynd

65

00:05:02,680 --> 00:05:06,160

pólska stjörnufræðingsins Nikulásar Kópernikusar sem varpaði fram þeirri hugmynd að

66

00:05:06,240 --> 00:05:10,440

jörðin snerist um sólina, en ekki öfugt.

67

00:05:11,560 --> 00:05:14,240

Út frá því sem hann hafði heyrt um hollenska sjónaukann

68

00:05:14,320 --> 00:05:16,600

smíðaði Galileó eigin sjóntæki.

69

00:05:16,680 --> 00:05:19,160

Þau voru af miklu meiri gæðum.

70

00:05:20,560 --> 00:05:25,320

Að lokum, með því að leggja í mikla vinnu og kostnað, tókst mér

71

00:05:25,400 --> 00:05:29,680

að smíða handa sjálfum mér svo fullkomið tæki að

72

00:05:29,760 --> 00:05:33,920

hlutir sem sjást í því virðast nánast þúsund

73

00:05:33,960 --> 00:05:38,840

sinnum stærri en með berum augum.

74

00:05:39,720 --> 00:05:43,640

Það var kominn tími til þess að reyna sjónaukann á himninum.

75

00:05:45,920 --> 00:05:49,680

Ég er orðinn sannfærður um að yfirborð

76

00:05:49,800 --> 00:05:53,520

tunglsins er ekki slétt, einsleitt og með hárnákvæma kúlulögun

77

00:05:53,760 --> 00:05:57,440

eins og margir heimspekingar halda

78

00:05:57,560 --> 00:06:01,720

heldur ójafnt, hrjúft og þakið holum og nibbum

79

00:06:01,800 --> 00:06:06,240

ekki ósvipað yfirborði jarðar.

80

00:06:11,640 --> 00:06:15,320

Landslag með gígum, fjöllum og dölum.

81

00:06:15,400 --> 00:06:18,320

Heimur áþekkur jörðinni okkar!

82

00:06:19,600 --> 00:06:24,040

Fáeinum vikum síðar, í janúar 1610, skoðaði Galileó Júpíter.

83

00:06:24,120 --> 00:06:28,600

Rétt hjá reikistjörnunni sá hann fjóra ljósdepla sem breyttu

84

00:06:28,720 --> 00:06:32,960

stöðu sinni á himninum á hverri nóttu ásamt Júpíter.

85

00:06:33,040 --> 00:06:37,920

Þetta var sem hægur, himneskur ballett tungla sem snerust umhverfis reikistjörnuna.

86

00:06:37,960 --> 00:06:40,760

Ljósdeplarnir fjórir urðu síðar þekktir sem Galileitunglin

87

00:06:40,840 --> 00:06:43,600

við Júpíter.

88

00:06:43,720 --> 00:06:46,240

Hvað fleira uppgötvaði Galileó?

89

00:06:46,320 --> 00:06:48,400

Kvartilaskipti Venusar!

90

00:06:48,560 --> 00:06:51,920

Rétt eins og tunglið, vex Venus og minnkar frá mjórri sigð

91

00:06:51,960 --> 00:06:54,200

upp í heila skífu og aftur til baka.

92

00:06:54,280 --> 00:06:58,600

Furðuleg útskot á báðum hliðum Satúrnusar.

93

00:06:58,720 --> 00:07:01,160

Svartir blettir á yfirborði sólarinnar.

94

00:07:01,280 --> 00:07:03,440

Og að sjálfsögðu stjörnur.

95

00:07:03,560 --> 00:07:06,400
Þúsundir þeirra, jafnvel milljónir.

96
00:07:06,520 --> 00:07:09,320
Hver um sig of daufr til þess að sjást með berum augum.

97
00:07:09,440 --> 00:07:13,920
Það var eins og augu mannkyns hefðu skyndilega opnast.

98
00:07:13,960 --> 00:07:18,000
Fyrir utan beið alheimurinn könnunar.

99
00:07:23,440 --> 00:07:27,760
Fréttir af sjónaukanum breiddust eins og eldur í sinu út um alla Evrópu.

100
00:07:27,880 --> 00:07:32,080
Við hirð Rúdólfs II keisara í Prag bætti Jóhannes Kepler

101
00:07:32,200 --> 00:07:34,800
hönnun tækisins.

102
00:07:34,880 --> 00:07:38,840
Í Antwerpen teiknaði hollenski kortagerðarmaðurinn Michael van Langren

103
00:07:38,960 --> 00:07:41,920
fyrstu áreiðanlegu kortin af tunglinu sem sýndu það sem hann hélt að væru

104
00:07:41,960 --> 00:07:44,400
meginlönd og höf.

105
00:07:44,560 --> 00:07:49,680
Ríkur bruggari í Póllandi, Jóhannes Hevelíus að nafni, smíðaði

106
00:07:49,760 --> 00:07:53,200
risastóran sjónauka í stjörnustöð sinni í Gdansk.

107
00:07:53,280 --> 00:07:57,880
Stjörnustöðin var svo stór að hún náði yfir þrjú húspök!

108
00:07:59,200 --> 00:08:02,240
En bestu tækin á þessum tíma voru sennilega smíðuð

109
00:08:02,320 --> 00:08:05,360
af Christiaan Huygens í Hollandi.

110
00:08:05,440 --> 00:08:11,080
Árið 1655 uppgötvaði Huygens Títan, stærsta tungl Satúrnusar.

111

00:08:11,160 --> 00:08:15,160

Fáeinum árum síðar leiddu athuganir hans í ljós hringa Satúrnusar

112

00:08:15,240 --> 00:08:20,320

sem Galileó hafði aldrei skilið.

113

00:08:20,400 --> 00:08:24,640

Og síðast en ekki síst sá Huygens dökkar rákir og ljósar

114

00:08:24,720 --> 00:08:27,360

pólhettur á Mars.

115

00:08:27,440 --> 00:08:31,080

Gæti verið líf að finna á þessum fjarlægga og framandi hnetti?

116

00:08:31,160 --> 00:08:35,240

Stjörnufræðingar velta ennþá þessari spurningu fyrir sér.

117

00:08:35,920 --> 00:08:39,520

Fyrstu sjónaukarnir voru allir linsusjónaukar sem notuðu

118

00:08:39,600 --> 00:08:42,680

linsur til þess að safna saman ljósi og beina því í einn punkt.

119

00:08:42,760 --> 00:08:45,440

Seinna leystu speglar linsurnar af hólmi.

120

00:08:45,560 --> 00:08:49,080

Fyrsti spegilsjónaukinn var smíðaður af Niccolò Zucchi

121

00:08:49,160 --> 00:08:52,000

og síðar betrumbættur af Isaac Newton.

122

00:08:52,080 --> 00:08:55,760

Á síðari hluta 18. aldar voru stærstu speglar í heiminum

123

00:08:55,840 --> 00:08:59,600

smíðaðir af William Herschel, organista sem varð stjörnufræðingur

124

00:08:59,680 --> 00:09:02,520

og starfaði ásamt systur sinni Caroline.

125

00:09:02,600 --> 00:09:06,200

Í húsi þeirra í Bath í Englandi helltu systkinin rauðglóandi

126

00:09:06,280 --> 00:09:09,880

málmbráð í mót og þegar hún hafði kólnað

127

00:09:09,960 --> 00:09:15,440

slípuðu þau yfirborðið svo það gæti endurvarpað ljósi.

128

00:09:15,560 --> 00:09:20,320

Herschel smíðaði yfir 400 sjónauka á ævi sinni.

129

00:09:24,520 --> 00:09:28,360

Stærsti sjónaukinn var svo stór að hann þurfti fjóra aðstoðarmenn

130

00:09:28,440 --> 00:09:31,600

til þess að toga í mismunandi reipi, hjól og taliur sem voru

131

00:09:31,680 --> 00:09:36,000

nauðsynleg til að fylgja eftir hreyfingum stjarnanna á himninum

132

00:09:36,080 --> 00:09:39,440

en hann færir að sjálfsögðu til vegna snúnings jarðarinnar.

133

00:09:39,560 --> 00:09:43,080

Herschel var eins konar könnuður, hann skannaði himininn og

134

00:09:43,160 --> 00:09:46,720

skráði hjá sér hundruð nýrra geimpoka og tvístirna.

135

00:09:46,800 --> 00:09:50,280

Hann uppgötvaði einnig að Vetrarbrautin hlyti að vera flöt skífa.

136

00:09:50,360 --> 00:09:54,120

Hann mældi jafnvel færslu sólkerfisins innan skífunnar

137

00:09:54,200 --> 00:09:58,840

með því að fylgjast með innbyrðis hreyfingum stjarnanna og plánetanna.

138

00:09:58,920 --> 00:10:06,360

Þann 13. mars 1781 uppgötvaði hann nýja reikistjörnu - Úranus.

139

00:10:06,440 --> 00:10:10,680

Það liðu meira en 200 ár þangað til NASA geimfarið Voyager 2

140

00:10:10,760 --> 00:10:15,880

sendi stjörnufræðingum fyrstu nærmyndirnar af þessari fjarlægju reikistjörnu.

141

00:10:16,800 --> 00:10:21,240

Í frjósömum héruðum Mið-Írlands smíðaði William Parsons

142

00:10:21,320 --> 00:10:26,560

priðji lávarðurinn af Rosse, stærsta sjónaukann á 19. öld.

143

00:10:26,640 --> 00:10:30,560

Með málmpegli sem spannaði 1,8 metra varð tröllaukinn

144

00:10:30,640 --> 00:10:35,240

sjónaukinn þekktur undir nafninu „Skrímslið frá Parsontown“.

145

00:10:35,320 --> 00:10:39,320

Af og til á heiðskírum tungllausum nóttum sat lávarðurinn við sjónglerið

146

00:10:39,440 --> 00:10:44,400

og sigldi á vit ævintýra í alheiminum.

147

00:10:45,280 --> 00:10:50,160

Til Óríonþokunnar sem nú er þekkt stjörnuverksmiðja.

148

00:10:50,280 --> 00:10:55,920

Áfram til hinnar dularfullu Krabbapöku sem er leifar sprengistjörnu.

149

00:10:55,960 --> 00:10:57,920

Og Svelgurinn?

150

00:10:57,960 --> 00:11:02,560

Rosse lávarður var fyrstur til þess að sjá stórfenglega þyrillögun vetrarbrautarinnar.

151

00:11:02,640 --> 00:11:08,400

Vetrarbraut, rétt eins og okkar, með margbrotnum dökkum og glóandi gasskýjum

152

00:11:08,520 --> 00:11:12,400

milljörðum mismunandi stjarna, og hver veit -

153

00:11:12,520 --> 00:11:16,560

jafnvel með reikistjörnur eins og jörðina.

154

00:11:18,920 --> 00:11:24,920

Sjónaukinn var orðinn fleyið sem flutti okkur áfram við könnun alheimsins.

155

00:11:29,720 --> 00:11:34,080

2. Stærri er betra

156

00:11:36,080 --> 00:11:38,480

Á næturnar aðlagast augun myrkrinu.

157

00:11:38,560 --> 00:11:42,640

Sjáöldrin breikka og hleypta þannig meira ljósi inn í augun.

158

00:11:42,720 --> 00:11:47,880

Það þýðir að þú getur séð daufari fyrirbæri og daufari stjörnur.

159

00:11:47,960 --> 00:11:51,720

Ímyndaðu þér að sjáöldrin væru einn metri í þvermál.

160

00:11:51,800 --> 00:11:55,960

Þú litir eflaust skringilega út en þú hefur einnig yfirnáttúrulega sjón!

161

00:11:56,000 --> 00:11:59,400

Sjónaukinn virkar á sama hátt.

162

00:12:01,880 --> 00:12:04,640

Sjónauki er eins og trekt.

163

00:12:04,720 --> 00:12:10,240

Safnlinsan eða -spegillinn safnar ljósi frá stjörnunum og beinir því að auga þínu.

164

00:12:13,080 --> 00:12:17,800

Því stærri sem linsan eða spegillinn er, þeim mun daufari fyrirbæri er unnt að sjá.

165

00:12:17,880 --> 00:12:20,720

Stærðin skiptir því öllu máli.

166

00:12:20,800 --> 00:12:23,400

En hversu stóran sjónauka er hægt að smíða?

167

00:12:23,480 --> 00:12:26,400

Ekkert allt of stóran ef það er linsusjónauki.

168

00:12:29,480 --> 00:12:32,720

Ljósið þarf að ferðast í gegnum safnlinsuna.

169

00:12:32,800 --> 00:12:36,080

En aðeins er hægt að styðja við brún linsunnar.

170

00:12:36,160 --> 00:12:41,880

Ef linsan er of stór verður hún líka of þung og fer að aflagast undan eigin þunga.

171

00:12:41,960 --> 00:12:45,640

Það þýðir að myndin bjagast.

172

00:12:47,400 --> 00:12:54,320

Stærsti linsusjónauki sögunnar var smíðaður árið 1897 við Yerkes stjörnustöðina skammt frá Chicago.

173

00:12:54,400 --> 00:12:57,480

Safnlinsan var rétt rúmur metri að þvermáli.

174

00:12:57,560 --> 00:13:02,080

En sjónaukapípan var hvorki meira né minna en 18 metra löng.

175

00:13:02,160 --> 00:13:08,720

Þegar smíði Yerkessjónaukans lauk höfðu hönnuðir linsusjónauka komist á endastöð.

176

00:13:08,800 --> 00:13:10,880

Viltu enn stærri sjónauka?

177

00:13:10,960 --> 00:13:12,800

Þá þarftu að nota spegla.

178

00:13:17,080 --> 00:13:23,080

Í spegilsjónauka endurvarpar spegill ljósinu í stað þess að það ferðist í gegnum linsu.

179

00:13:23,160 --> 00:13:29,400

Það þýðir að spegillinn getur verið miklu þynnri en linsa og hægt er að styðja við þá aftan frá.

180

00:13:29,480 --> 00:13:34,640

Þannig er hægt að smíða miklu stærri spegla en linsur.

181

00:13:35,640 --> 00:13:39,720

Stórir speglar hófu innreið sína í Suður-Kaliforníu fyrir einni öld.

182

00:13:39,800 --> 00:13:44,880

Í þá daga var Wilsonfjall fjarri mannabyggðum í víðernum San Gabriel fjallgarðsins.

183

00:13:44,960 --> 00:13:49,080

Himinninn var heiður og næturnar dimmar.

184

00:13:49,160 --> 00:13:53,640

Á þessum stað reisti George Ellery Hale fyrstur manna 1,5 metra breiðan sjónauka.

185

00:13:53,720 --> 00:13:58,400

Sjónaukinn var smærri en sjónauki Rosse lávarðs en af mun meiri gæðum.

186

00:13:58,480 --> 00:14:02,160

Og miklu betur staðsettur.

187

00:14:02,240 --> 00:14:07,640

Hale sannfærði viðskiptajöfurinn John Hooker um að fjármagna 2,5 metra breiðan sjónauka.

188

00:14:07,720 --> 00:14:12,560

Mörg tonn af gleri og stáli voru ferjuð upp Wilsonfjall.

189

00:14:12,640 --> 00:14:16,000
Smíði Hooker-sjónaukans lauk árið 1917.

190
00:14:16,080 --> 00:14:20,240
Hann var stærsti sjónauki í heimi um þrjátíu ára skeið.

191
00:14:20,320 --> 00:14:25,400
Eins og risastór fallbyssu sem beið þess að ráðast á alheiminn.

192
00:14:28,480 --> 00:14:31,080
Og það gerði hann svo sannarlega.

193
00:14:31,160 --> 00:14:34,240
Auk geigvænlegrar stærðar nýja stjörnusjónaukans kom fram

194
00:14:34,280 --> 00:14:37,240
ný tækni sem umbylti því hvernig myndirnar voru skoðaðar.

195
00:14:37,280 --> 00:14:40,800
Stjörnufræðingar þurftu ekki lengur að gægjast í gegnum augngler nýja risans.

196
00:14:40,880 --> 00:14:45,960
Þess í stað var ljósinu safnað á ljósmyndaplötur í nokkrar klukkustundir í senn.

197
00:14:46,000 --> 00:14:50,800
Aldrei áður hafði nokkur gægst svo langt út í alheiminn.

198
00:14:50,880 --> 00:14:55,160
Þyrilpokur reyndust uppfullar af ótal stjörnum.

199
00:14:55,240 --> 00:14:59,560
Vorur þær hugsanlega víðfeðm stjörnukerfi líkt og Vetrarbrautin okkar?

200
00:14:59,640 --> 00:15:03,800
Í Andrómeduvetrarbrautinni uppgötvaði Edwin Hubble sérstaka tegund stjörnu

201
00:15:03,880 --> 00:15:07,400
sem breytir birtu sinni lotubundið.

202
00:15:07,480 --> 00:15:11,720
Athuganir Hubbles gerðu honum kleift að áætla fjarlægðina til Andrómedu:

203
00:15:11,800 --> 00:15:15,960
næstum milljón ljósár.

204
00:15:16,080 --> 00:15:22,720
Þyrilpokur eins og Andrómeda, voru greinilega stakar vetrarbrautir.

205

00:15:24,480 --> 00:15:27,320

En fleiri ótrúlegar staðreyndir áttu eftir að koma í ljós.

206

00:15:27,400 --> 00:15:32,000

Flestar vetrarbrautirnar reyndust vera að fjarlægast Vetrarbrautina okkar.

207

00:15:32,080 --> 00:15:37,640

Á Wilsonfjalli uppgötvaði Hubble að nálægar vetrarbrautir fjarlægðust rólega

208

00:15:37,640 --> 00:15:42,480

á meðan fjarlægari vetrarbrautir þeyttust burt með miklu meiri hraða.

209

00:15:42,560 --> 00:15:43,720

Hver var niðurstaðan?

210

00:15:43,800 --> 00:15:46,560

Alheimurinn var að þenjast út.

211

00:15:46,640 --> 00:15:53,400

Hooker sjónaukinn gaf vísindamönnum færi á merkustu uppgötvun í stjörnufræði á 20. öld.

212

00:15:56,080 --> 00:16:00,640

Þökk sé sjónaukanum höfum við rakið þróunarsögu alheimsins.

213

00:16:00,720 --> 00:16:04,880

Fyrir um 14 milljörðum ára varð alheimurinn til

214

00:16:04,960 --> 00:16:09,240

í gríðarlegri sprengingu tíma og rúms, efnis og orku sem sem kallast

215

00:16:09,280 --> 00:16:11,560

miklihvellur.

216

00:16:11,640 --> 00:16:17,480

Órsmáar skammtaður urðu að stórum flekkum í frumsúpunni.

217

00:16:17,560 --> 00:16:20,160

Úr þessum flekkum mynduðust vetrarbrautir

218

00:16:20,240 --> 00:16:23,800

af öllum stærðum og gerðum.

219

00:16:26,560 --> 00:16:30,400

Kjarnasamruni í kjörnum stjarna framleiddi ný atóm.

220

00:16:30,480 --> 00:16:34,880

Kolefni, súrefni, járn, gull.

221

00:16:34,960 --> 00:16:39,640

Sprengristjörnur þeyttu þessum þungu frumefnum aftur út í geiminn.

222

00:16:39,720 --> 00:16:43,080

Hráefni til myndunar nýrra stjarna.

223

00:16:43,160 --> 00:16:44,800

Og reikistjarna!

224

00:16:46,880 --> 00:16:54,880

Einhvern tíma, einhvers staðar, einhvern veginn þróuðust einföld lífræn efnasambönd í lífverur.

225

00:16:54,960 --> 00:17:00,560

Lífið er eitt af kraftaverkunum í þróunarsögu alheimsins.

226

00:17:00,640 --> 00:17:02,880

Við erum stjörnuryk.

227

00:17:02,960 --> 00:17:07,000

Það er mikilfengleg sýn og stórbrotin saga

228

00:17:07,080 --> 00:17:11,160

sem sjónaukinn hefur fært okkur.

229

00:17:11,240 --> 00:17:15,640

Ímyndaðu þér að án sjónaukans myndum við einungis þekkja sex reikistjörnur

230

00:17:15,720 --> 00:17:18,160

eitt tungl og fáeinir þúsundir stjarna.

231

00:17:18,240 --> 00:17:22,400

Stjörnufræðin væri enn að slíta barnsskónum.

232

00:17:23,640 --> 00:17:27,480

Rétt eins og týndir fjársjóðir hafa fjarlægir staðir í alheiminum laðað fram

233

00:17:27,560 --> 00:17:30,000

ævintýraþrána í okkur.

234

00:17:30,080 --> 00:17:35,480

Prinsar og pótintátar, stjörnmálamenn jafnt sem auðmenn, hafa á sama hátt og vísindamenn

235

00:17:35,560 --> 00:17:40,240

fundið fyrir aðdráttarafli ókunnra djúpa himingeimsins og með sjóntækin

236

00:17:40,280 --> 00:17:45,400
í farteskinu hefur heimur þekkingarinnar vaxið geysihratt.

237
00:17:59,800 --> 00:18:02,640
Hinsti draumur George Ellery Hale var

238
00:18:02,720 --> 00:18:06,960
að reisa tvöfalt stærri sjónauka en fyrirrennarann.

239
00:18:07,000 --> 00:18:10,880
Hér gefur að líta drottningu stjörnufræði 20. aldar.

240
00:18:10,960 --> 00:18:15,880
Fimm metra breiði Hale sjónaukinn á Palomarfjalli.

241
00:18:15,960 --> 00:18:20,560
Yfir fimm hundruð tonna ferlíki jafnvægisstillt af ítrustu nákvæmni

242
00:18:20,640 --> 00:18:24,640
sem hreyfist mjúklega líkt og ballettdansmær.

243
00:18:24,720 --> 00:18:30,240
40 tonna spegillinn sýnir okkur stjörnur sem eru 40 milljón sinnum daufari en augað fær greint.

244
00:18:30,280 --> 00:18:35,240
Lokið var við smíði Hale sjónaukans 1948 sem veitti okkur áður óþekkta sýn til reikistjarnanna

245
00:18:35,280 --> 00:18:38,800
stjörnuþyrpinga, geimpoka og vetrarbrauta.

246
00:18:41,080 --> 00:18:44,960
Gasrisinn Júpíter og fjöldamörg tungl hans.

247
00:18:45,080 --> 00:18:49,080
Hin stórglæsilega Logapoka.

248
00:18:49,160 --> 00:18:54,240
Daufar gasslæður Sverðpokunnar í Óríon.

249
00:18:59,880 --> 00:19:02,080
En gætu sjónaukarnir orðið enn stærri?

250
00:19:02,160 --> 00:19:06,240
Seint á áttunda áratug tuttugustu aldar reyndu sovéskir stjörnufræðingar fyrir sér í þessu.

251

00:19:06,280 --> 00:19:10,640
Hátt uppi í Kákasusfjöllum reistu þeir Bolshoi Teleskop Azimutalnyi sjónaukann

252
00:19:10,720 --> 00:19:14,880
sem skartaði sex metra breiðum spegli.

253
00:19:14,960 --> 00:19:17,640
Sá sjónauki stóðst því miður aldrei væntingar.

254
00:19:17,720 --> 00:19:21,720
Hann var einfaldlega of stór, of dýr og of erfiður í notkun.

255
00:19:21,800 --> 00:19:24,960
Þurftu sjónaukahönnuðir þá að leggja árar í bát?

256
00:19:25,080 --> 00:19:28,480
Þurftu þeir að segja skilið við draum sinn um að smíða stærri sjónauka?

257
00:19:28,560 --> 00:19:31,960
Hafði saga sjónaukans hlotið ótímabæran endi?

258
00:19:32,080 --> 00:19:33,400
Að sjálfsögðu ekki.

259
00:19:33,480 --> 00:19:36,480
Í dag höfum við 10 metra sjónauka að störfum.

260
00:19:36,560 --> 00:19:39,160
Enn stærri sjónaukar eru á teikniborðinu.

261
00:19:39,240 --> 00:19:40,720
Hvað leysti málið?

262
00:19:40,800 --> 00:19:42,640
Tækninýjungar.

263
00:19:44,000 --> 00:19:48,760
3. Tæknin kemur til bjargar

264
00:19:48,960 --> 00:19:52,800
Rétt eins og bílar líta ekki lengur út eins og Ford T módel þá eru nútíma

265
00:19:52,880 --> 00:19:56,280
stjörnusjónaukar mjög frábrugðnir forverum sínum

266
00:19:56,360 --> 00:19:58,680
eins og 5 metra Halesjónaukanum.

267

00:19:58,760 --> 00:20:01,880

Sjónaukastæðin eru til dæmis miklu minni.

268

00:20:01,960 --> 00:20:05,840

Gamla gerðin er pólstillt þar sem annar ásanna

269

00:20:05,920 --> 00:20:09,720

snýr alltaf samsíða snúningsási jarðarinnar.

270

00:20:09,800 --> 00:20:13,480

Til þess að fylgja eftir hreyfingu himinsins varð sjónaukinn einfaldlega

271

00:20:13,560 --> 00:20:18,200

að snúast um ásinn á sama hraða og jörðin snýst um sjálfa sig.

272

00:20:18,280 --> 00:20:21,160

Einfalt en mjög rúmfrekt.

273

00:20:21,240 --> 00:20:26,040

Nú tíðkast lóðstillt stæði sem eru miklu umfangsminni.

274

00:20:26,080 --> 00:20:30,440

Á svona stæði er sjónaukanum miðað upp í himininn líkt og fallbyssu.

275

00:20:30,480 --> 00:20:35,240

Einungis þarf að velja afstöðuna og hæðina til þess að komast af stað.

276

00:20:35,320 --> 00:20:38,640

Vandinn er að fylgja eftir hreyfingu himinsins.

277

00:20:38,720 --> 00:20:44,240

Sjónaukinn þarf í raun að snúast um báða ásana á mismunandi hraða.

278

00:20:44,320 --> 00:20:50,720

Þetta varð í raun fyrst mögulegt þegar sjónaukar urðu tölvustýrðir.

279

00:20:50,800 --> 00:20:52,840

Það er ódýrara að smíða minna sjónaukastæði.

280

00:20:52,920 --> 00:20:57,520

Það þarfnast minni hvelfingar sem lækkar kostnaðinn enn frekar

281

00:20:57,600 --> 00:21:00,320

og bætir myndgæðin.

282

00:21:00,400 --> 00:21:03,800

Skoðum til dæmis Keck tvíburasjónaukana á Hawaii.

283

00:21:03,880 --> 00:21:06,600

Þrátt fyrir að 10 metra breiðir speglarnir séu tvöfalt breiðari en

284

00:21:06,680 --> 00:21:10,440

spegill Hale-sjónaukans passa þeir samt inn í minni sjónaukahvelvingar

285

00:21:10,520 --> 00:21:13,240

en hvelvinguna á Palomar fjalli.

286

00:21:15,080 --> 00:21:17,440

Sjónaukaspeglar hafa einnig tekið breytingum

287

00:21:17,520 --> 00:21:19,120

Áður fyrr voru þeir þykkir og þungir.

288

00:21:19,200 --> 00:21:21,840

Nú eru þeir þunnir og léttir.

289

00:21:21,920 --> 00:21:26,800

Speglar sem eru margir metrar í þvermál eru steyptir við snúning í risastórum ofnum.

290

00:21:26,880 --> 00:21:30,320

Samt eru þeir innan við 20 sentimetra þykkir.

291

00:21:30,400 --> 00:21:32,960

Flókið burðarvirki kemur í veg fyrir að þunnur spegillinn

292

00:21:33,080 --> 00:21:35,200

falli saman undan eigin þunga.

293

00:21:35,280 --> 00:21:39,120

Tölvustýrðir stimplar og stýribúnaður hjálpa einnig til við að halda speglinum

294

00:21:39,200 --> 00:21:40,840

í fullkominni fleygbogalögun.

295

00:21:43,400 --> 00:21:45,520

Þetta kerfi er nefnt aðlögunarsjöntækni.

296

00:21:45,600 --> 00:21:49,840

Hugmyndin er að vinna á móti og leiðrétta alla aflögun aðalspegilsins

297

00:21:49,920 --> 00:21:54,560

sem á sér stað vegna þyngdarafls, vinds og hitabreytinga.

298

00:21:54,640 --> 00:21:58,240

Punnur spegill er einnig mun léttari en þykkur.

299

00:21:58,320 --> 00:22:01,440

Þetta þýðir að burðarvirkið, þar á meðal sjónaukastæðið

300

00:22:01,560 --> 00:22:03,440

getur verið mun nettara og léttara.

301

00:22:03,520 --> 00:22:05,560

Og ódýrara!

302

00:22:05,640 --> 00:22:08,360

Þetta er hinn svonefndi 3,6 metra breiði New Technology sjónauki

303

00:22:08,440 --> 00:22:11,760

sem evrópskir stjörnufræðingar létu smíða í lok níunda áratugarins.

304

00:22:11,840 --> 00:22:14,840

Í honum voru prófaðar alls konar tækninýjungar

305

00:22:14,920 --> 00:22:16,120

í sjónaukasmiði.

306

00:22:16,200 --> 00:22:20,960

Sjónaukabyggingin var meira að segja gjörólík dæmigerðum sjónaukahvelfingum.

307

00:22:21,080 --> 00:22:24,240

New Technology sjónaukinn var mjög vel heppnaður.

308

00:22:24,320 --> 00:22:27,280

Það var kominn tími á það að rjúfa sex metra múrinn.

309

00:22:27,600 --> 00:22:31,400

Stjörnustöðin á Mauna Kea er á hæsta fjallinu í Kyrrahafinu

310

00:22:31,480 --> 00:22:34,960

4200 metra yfir sjávarmáli.

311

00:22:36,960 --> 00:22:41,120

Ferðamenn á ströndum Hawaii sleikja sólina og fara á brimbretti.

312

00:22:41,200 --> 00:22:44,520

Hátt uppi í fjöllum þurfa stjörnufræðingar hins vegar að þola kulda

313

00:22:44,600 --> 00:22:51,160

og háloftaveiki þegar þeir reyna að afhjúpa leyndardóma alheimsins.

314

00:22:51,240 --> 00:22:54,120
Keck sjónaukarnir eru meðal stærstu sjónauka í heiminum.

315
00:22:54,200 --> 00:22:59,120
Speglar þeirra eru 10 metrar í þvermál og næfurþunnir.

316
00:22:59,200 --> 00:23:04,040
36 sexhyrndum speglum er raðað upp eins og gólflísu

317
00:23:04,120 --> 00:23:07,480
og stjórnað af mikilli nákvæmni.

318
00:23:07,560 --> 00:23:11,200
Þetta eru réttnefndir risar sem er eingöngu ætlað að skoða himingeiminn.

319
00:23:11,280 --> 00:23:14,120
Sannkallaðar dómkirkjur vísindanna.

320
00:23:14,200 --> 00:23:16,600
Nótt skellur á Mauna Kea.

321
00:23:16,680 --> 00:23:21,720
Keck sjónaukarnir byrja að safna ljóseindum frá fjarlægum stöðum í alheiminum.

322
00:23:21,800 --> 00:23:24,520
Speglar tvíbúrasjónaukanna sameinast og verða stærri

323
00:23:24,600 --> 00:23:27,440
en allir sjónaukar sem áður höfðu verið smíðaðir.

324
00:23:27,520 --> 00:23:30,360
Hvað sést í kvöld?

325
00:23:34,680 --> 00:23:39,520
Vetrarbrautir sem rekast saman í milljarða ljósára fjarlægð?

326
00:23:39,600 --> 00:23:45,320
Stjarna í andarslitrunum sem myndar hringpöku?

327
00:23:45,400 --> 00:23:51,040
Ef til vill reikistjarna í öðru sólkerfi þar sem líf gæti verið að finna?

328
00:23:51,120 --> 00:23:55,920
Á Cerro Paranal í Atacama eyðimörkinni í Chile - þurrasta stað í heimi -

329
00:23:55,960 --> 00:24:00,040
er að finna langstærsta stjörnufræðitæki sem smíðað hefur verið:

330

00:24:00,120 --> 00:24:03,560
European Very Large Telescope.

331

00:24:16,200 --> 00:24:19,520
Hann er í raun samsettur úr fjórum sjónaukum.

332

00:24:19,600 --> 00:24:22,760
Hver um sig er með 8,2 metra breiðan spegil.

333

00:24:22,840 --> 00:24:24,120
Antu.

334

00:24:24,200 --> 00:24:25,240
Kueyen.

335

00:24:25,320 --> 00:24:26,320
Melipal.

336

00:24:26,400 --> 00:24:27,760
Yepun.

337

00:24:27,840 --> 00:24:33,440
Þetta eru orð Mapuche þjóðflokksins yfir sólina, tunglið, Suðurkrossinn og Venus.

338

00:24:33,520 --> 00:24:37,800
Speglarnir voru mótaðir í Þýskalandi, slípaðir í Frakklandi, sendir til Chile

339

00:24:37,880 --> 00:24:41,240
og fluttir í hægagangi yfir eyðimörkina.

340

00:24:41,320 --> 00:24:44,960
Við sólsetur eru hvelfingar sjónaukans opnaðar.

341

00:24:45,040 --> 00:24:48,560
Ljóni frá stjörnum rignir niður á spegla sjónaukans.

342

00:24:49,280 --> 00:24:52,080
Gerðar eru nýjar uppgötvanir.

343

00:24:55,920 --> 00:24:58,160
Leisigeisli stingst upp í næturhimininn.

344

00:24:58,240 --> 00:25:00,680
Hann varpar gervistjörnu upp í lofthjúpin

345

00:25:00,760 --> 00:25:03,840
90 km yfir höfði okkar.

346

00:25:03,920 --> 00:25:06,920

Skynjarar mæla hvernig ljós gervistjörnnunnar bjagast

347

00:25:06,960 --> 00:25:09,120

vegna ókyrrðar í andrúmsloftinu.

348

00:25:09,200 --> 00:25:12,960

Hraðvirkar tölvur segja því næst til um hvernig sveigjanlegur spegillinn þarf að

349

00:25:13,040 --> 00:25:15,800

breyta lögum sinni til þess að leiðrétta bjögunina.

350

00:25:15,880 --> 00:25:18,960

Í raun stöðvar hann blik stjarnanna.

351

00:25:19,040 --> 00:25:22,600

Þetta kallast aðlögunarsjöntækni og er helsta galdrabrella

352

00:25:22,680 --> 00:25:24,320

nútíma stjörnufræði.

353

00:25:24,400 --> 00:25:28,840

Án hennar væri útsýn okkar til himingeimsins í móðu vegna lofthjúpsins.

354

00:25:28,920 --> 00:25:32,880

Með henni verða myndirnar hins vegar hnífskarpar.

355

00:25:35,480 --> 00:25:39,480

Annað galdratæki er svonefnd víxlmæling.

356

00:25:39,560 --> 00:25:43,360

Hugmyndin gengur út á að beina ljósi frá tveimur aðskildum sjónaukum og

357

00:25:43,440 --> 00:25:46,640

safna því saman í einn punkt en varðveita

358

00:25:46,720 --> 00:25:49,320

bilið á milli ljósbylgjanna.

359

00:25:49,400 --> 00:25:53,160

Ef þetta er framkvæmt af nógu mikilli nákvæmni verður útkoman sú að sjónaukarnir tveir

360

00:25:53,240 --> 00:25:56,600

virka eins og þeir væru hlutar af einum risastórum spegli

361

00:25:56,680 --> 00:25:59,920

sem væri jafnbreiður og fjarlægðin á milli þeirra.

362

00:25:59,960 --> 00:26:04,040

Í raun og veru gefur víxmæling sjónaukanum arnarsjón.

363

00:26:04,120 --> 00:26:07,600

Hún veldur því að litlir sjónaukar geta greint smáatriði

364

00:26:07,680 --> 00:26:12,440

sem mundu einungis sjást í miklu stærri sjónauka.

365

00:26:12,520 --> 00:26:15,600

Keck tvíbúrasjónaukarnir á Mauna Kea eru reglulega samtengdir

366

00:26:15,680 --> 00:26:17,520

sem víxlmælir.

367

00:26:17,600 --> 00:26:21,440

Í Evrópska risasjónaukanum er hægt að tengja alla fjóra sjónaukana saman.

368

00:26:21,520 --> 00:26:24,760

Til viðbótar við þá eru nokkrir smærri sjónaukar í kring sem geta

369

00:26:24,840 --> 00:26:28,880

slegist í hópinn til þess að skerpa myndina enn frekar.

370

00:26:29,840 --> 00:26:33,400

Fleiri stóra sjónauka er að finna um alla heim.

371

00:26:33,480 --> 00:26:37,480

Subaru og Norður-Gemini á Mauna Kea.

372

00:26:37,560 --> 00:26:42,240

Suður-Gemini og Magellan sjónaukarnir í Chile.

373

00:26:42,320 --> 00:26:46,280

Stóri tvíspeglasjónaukinn í Arizona.

374

00:26:48,200 --> 00:26:50,800

Þeir eru allir byggðir á bestu stöðum sem hægt er að finna.

375

00:26:50,840 --> 00:26:53,720

Hæð og þurr loft, tærleiki og myrkur.

376

00:26:53,840 --> 00:26:56,640

Augu þeirra eru á stærð við sundlaugar.

377

00:26:56,760 --> 00:27:00,400

Allir eru þeir búnir aðlögunarsjöntækni til þess að vinna gegn truflandi

378

00:27:00,440 --> 00:27:02,080

áhrifum lofthjúpsins.

379

00:27:02,200 --> 00:27:05,960

Stundum ná þeir upplausn á við risavaxinn sjónauka

380

00:27:06,040 --> 00:27:08,640

þökk sé víxlmælingum.

381

00:27:09,680 --> 00:27:11,800

Þetta er það sem þeir hafa sýnt okkur.

382

00:27:11,920 --> 00:27:13,400

Reikistjörnur.

383

00:27:16,600 --> 00:27:18,240

Geimpokur.

384

00:27:19,360 --> 00:27:23,960

Raunverulegar stærðir og bjagaðar skífur nokkurra stjarna.

385

00:27:23,960 --> 00:27:27,160

Kalda reikistjörnu sem snýst umhverfis brúnan dverg.

386

00:27:27,200 --> 00:27:31,480

Risastjörnur sem þeytast í kringum miðjuna á Vetrarbrautinni okkar

387

00:27:31,600 --> 00:27:36,720

vegna þyngdaráhrifa frá risasvartholi.

388

00:27:36,840 --> 00:27:40,400

Við höfum komist talsvert áleiðis síðan á dögum Galileós.

389

00:27:40,000 --> 00:27:44,760

4. Úr silfri í kísil

390

00:27:45,840 --> 00:27:49,000

Fyrir 400 árum, þegar Galileo Galilei vildi sýna öðrum það sem hann

391

00:27:49,120 --> 00:27:53,000

sá í gegnum sjónaukann sinn, varð hann að teikna það upp.

392

00:27:53,120 --> 00:27:56,240

Gígótt yfirborð tunglsins.

393

00:27:56,360 --> 00:28:00,400

Dans tungla Júpíters.

394

00:28:00,520 --> 00:28:02,160

Sólbletti.

395

00:28:02,280 --> 00:28:04,160

Eða stjörnur Óríons.

396

00:28:04,280 --> 00:28:06,720

Hann birti teikningar sínar í lítilli bók sem hann nefndi

397

00:28:06,760 --> 00:28:08,400

Sendiboða stjarnanna.

398

00:28:08,440 --> 00:28:10,800

Þetta var eina leiðin sem hann hafði til að deila uppgötvunum sínum

399

00:28:10,920 --> 00:28:12,400

með öðrum.

400

00:28:12,440 --> 00:28:16,640

Í meira en tvær aldir þurftu stjörnufræðingar einnig að vera listamenn.

401

00:28:16,760 --> 00:28:19,000

Um leið og þeir gæðust í gegnum augnglerin, teiknuðu þeir

402

00:28:19,120 --> 00:28:20,960

nákvæmar myndir af því sem þeir sáu.

403

00:28:21,040 --> 00:28:23,080

Hrjóstrugt landslag tunglsins.

404

00:28:23,200 --> 00:28:25,960

Storma í lofthjúpi Júpíters.

405

00:28:26,040 --> 00:28:29,000

Smágerar gasslæður í fjarlægri stjörnuþoku.

406

00:28:29,120 --> 00:28:32,320

En stundum oftúlkuðu þeir það sem fyrir augu bar.

407

00:28:32,440 --> 00:28:36,560

Dökkar rákir á yfirborði Mars voru taldar vera áveituskurðir

408

00:28:36,680 --> 00:28:39,880

sem bentu til menningarsamfélags á yfirborði rauðu reikistjörnnar.

409

00:28:39,960 --> 00:28:43,480

Í dag vitum við að áveituskurðirnir voru skynvillur.

410

00:28:43,600 --> 00:28:47,160

Stjörnufræðinga vantaði sárlega hlutlæga aðferð til að varðveita

411

00:28:47,280 --> 00:28:51,480

ljósið sem sjónaukarnir söfnuðu án þess að upplýsingarnar þyrftu fyrst að

412

00:28:51,520 --> 00:28:54,480

flækjast um heila þeirra og út í pennana.

413

00:28:54,600 --> 00:28:57,400

Ljósmyndataeknin kom þeim til bjargar.

414

00:28:58,760 --> 00:29:01,160

Fyrsta daguerreómyndin af tunglinu.

415

00:29:01,200 --> 00:29:03,880

Henry Draper tók hana árið 1840.

416

00:29:03,920 --> 00:29:07,240

Ljósmyndataeknin var innan við 15 ára gömul, en stjörnufræðingar

417

00:29:07,360 --> 00:29:10,880

höfðu þegar áttað sig á byltingarkenndum möguleikum hennar.

418

00:29:10,920 --> 00:29:13,080

En hvernig virkaði ljósmyndunin?

419

00:29:13,120 --> 00:29:17,160

Hinn ljósnæmi hluti ljósmyndaplötunnar innihélt

420

00:29:17,280 --> 00:29:19,400

lítil korn af silfurhaliði.

421

00:29:19,440 --> 00:29:22,160

Lendi ljós á þeim verða þau dökk.

422

00:29:22,200 --> 00:29:24,800

Niðurstaðan var því negatíf ljósmynd af himninum

423

00:29:24,920 --> 00:29:28,080

með dökkum stjörnum á ljósum bakgrunni.

424

00:29:28,200 --> 00:29:31,560

Aðalávinnurinn var sá að hægt er að lýsa ljósmyndaplötu

425

00:29:31,680 --> 00:29:33,960
í margar klukkustundir samfellt.

426

00:29:34,040 --> 00:29:36,720
Þegar horft er upp í næturhimininn með berum augum sem náð hafa að

427

00:29:36,760 --> 00:29:39,640
aðlagast myrkrinu sjást ekki sífellt fleiri

428

00:29:39,680 --> 00:29:42,320
stjörnur þótt horft sé lengur.

429

00:29:42,440 --> 00:29:45,240
Það er aftur á móti hægt með ljósmyndaplötu.

430

00:29:45,360 --> 00:29:48,480
Hægt er að safna saman ljósi samfleytt í margar klukkustundir.

431

00:29:48,600 --> 00:29:52,880
Lengri lýsingartími leiðir því í ljós fleiri og fleiri stjörnur.

432

00:29:52,920 --> 00:29:54,160
Enn fleiri.

433

00:29:54,200 --> 00:29:55,240
Enn fleiri.

434

00:29:55,360 --> 00:29:57,320
Og jafnvel enn fleiri.

435

00:29:58,360 --> 00:30:02,000
Á sjötta áratug tuttugustu aldar var Schmidt sjónaukinn við Palomar stjörnustöðina

436

00:30:02,120 --> 00:30:05,160
notaður til þess að ljósmynda allt norðurhvel himins.

437

00:30:05,280 --> 00:30:10,080
Tæpar 2000 ljósmyndaplötur voru hver um sig lýstar í næstum því klukkustund.

438

00:30:10,120 --> 00:30:12,960
Heill fjársjóður uppgötvana.

439

00:30:12,960 --> 00:30:17,080
Ljósmyndunin breytti stjörnuathugunum í sanna vísindagrein.

440

00:30:17,200 --> 00:30:21,480
Hlutlausá, mælanlega og endurtakanlega.

441
00:30:21,600 --> 00:30:23,240
En silfrið tók sinn tíma.

442
00:30:23,280 --> 00:30:25,480
Pólinmæði var dyggð.

443
00:30:27,120 --> 00:30:29,880
Stafræna byltingin breytti því öllu saman.

444
00:30:29,920 --> 00:30:31,640
Kísill leysti silfur af hólmi.

445
00:30:31,760 --> 00:30:34,480
Dílar komu í stað korna.

446
00:30:36,360 --> 00:30:40,000
Filmur eru jafnvel ekki lengur notaðar í almennum myndavélum.

447
00:30:40,120 --> 00:30:43,560
Þess í stað eru myndir teknar á ljósnæma flögu:

448
00:30:43,600 --> 00:30:47,800
svonefnda CCD myndflögu.

449
00:30:47,920 --> 00:30:51,560
CCD flögur sem stjörnufræðingar nota eru sérstaklega ljósnæmar.

450
00:30:51,680 --> 00:30:54,640
Svo þær verði enn ljósnæmari eru þær kældar langt niður

451
00:30:54,680 --> 00:30:57,960
undir frostmark með fljótandi nitri.

452
00:30:58,040 --> 00:31:00,720
Næstum hver einasta ljóseind er numin.

453
00:31:00,760 --> 00:31:05,640
Það þýðir að lýsingartíminn getur orðið umtalsvert skemmri.

454
00:31:05,760 --> 00:31:09,480
Það sem Palomar stjörnustöðin komst yfir á einni klukkustund

455
00:31:09,600 --> 00:31:13,160
nær CCD myndflaga að fanga á fáeinum mínútum.

456

00:31:13,200 --> 00:31:15,560

Með smærri sjónauka.

457

00:31:15,600 --> 00:31:18,080

Kísilbyltingunni er fjarri því að vera lokið.

458

00:31:18,200 --> 00:31:21,080

Stjörnufræðingar hafa smíðað risastórar CCD myndavélar með

459

00:31:21,200 --> 00:31:23,560

hundruð milljóna punkta upplausn.

460

00:31:23,600 --> 00:31:26,320

En það er fleira í pípunum.

461

00:31:28,120 --> 00:31:32,560

Helsti kostur stafrænna mynda er sá að þær eru jú stafrænar.

462

00:31:32,600 --> 00:31:35,800

Allar myndirnar eru tilbúnar til þess að vera unnar í tölvum.

463

00:31:35,840 --> 00:31:38,800

Stjörnufræðingar nota sérhannaðan hugbúnað til að vinna úr

464

00:31:38,840 --> 00:31:40,880

athugunum sínum.

465

00:31:40,880 --> 00:31:45,080

Með því að teygja og skerpa myndir geta stjörnufræðingar dregið fram daufustu

466

00:31:45,200 --> 00:31:47,640

einkenni stjörnuþoka og vetrarbrauta.

467

00:31:47,760 --> 00:31:51,240

Litastilling eykur og dregur fram smáatriði sem ella

468

00:31:51,280 --> 00:31:53,640

væri nánast útilokað að sjá.

469

00:31:53,680 --> 00:31:57,880

Enn fremur má fella saman nokkrar myndir af sama fyrirbærinu sem

470

00:31:57,920 --> 00:32:00,400

teknar eru í gegnum mismunandi litsiur og útbúa þannig

471

00:32:00,520 --> 00:32:04,320

stórkostlegar ljósmyndir sem sem má út mörkin

472

00:32:04,440 --> 00:32:06,720

á milli vísinda og listar.

473

00:32:06,840 --> 00:32:09,880

Þú getur einnig haft hag af stafrænni stjörnufræði.

474

00:32:09,960 --> 00:32:13,960

Aldrei áður hefur verið eins auðvelt að grafa upp og njóta stórfenglegra

475

00:32:13,960 --> 00:32:15,800

Ljósmynda af alheiminum.

476

00:32:15,920 --> 00:32:20,080

